

Fundargerð

201. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 23. apríl 2014 kl. 14⁰⁰–14²⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) (
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Gestur: Kjartan Ingvarsson, UAR.
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Lagabreytingar
- (3) Úrvinnslugjald á raftæki
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (200. fundar).

2. Lagabreytingar

Kjartan Ingvarsson (KI), lögfræðingur, UAR fór yfir breytingar á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sem samþykktar voru nú á vorþingi 2014. Ekki hefur gefist tími til þess hjá starfsmönnum Alþingis að koma breytingunum fyrir í einu skjali. Helstu lagabreytingarnar er snúa að SN og Úrvinnslusjóði að með lagasetningunni er Úrvinnslusjóði falið að leggja á úrvinnslugjald á raftæki og rafeindabúnað til að standa undir meðhöndlun á raftækja- og rafeindaúrgangi frá og með 1. janúar 2015. Samkvæmt þessu lítur út fyrir að SN muni starfa í það minnsta til 31. desember 2014. Jafnframt varð gerð breyting á vali á fulltrúum í stjórn Úrvinnslusjóðs. Fulltrúi Samtaka fiskvinnslustöðva og útgerða var settur út og inn kom annar fulltrúi fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillaga að breytingu á fulltrúum í stjórn Úrvinnslusjóðs kom frá umhverfisnefnd Alþingis. Rætt var um hvenær ný stjórn tæki við. Skipunartími núverandi stjórnar rennur út um áramótin 2014/2015. KI upplýsti að það væri ráðherra að ákveða hvenær óskað væri eftir nýrri skipan stjórnar. Rætt var um hvaða reglugerð(um) þyrfti að breyta til samræmingar við lögin.

3. Úrvinnslugjald á raftæki

Leggja þarf fram lagafrumavarp í haust um álagningu úrvinnslugjalds á raftæki og rafeindabúnað. Farið var yfir það á fundinum að stjórn Úrvinnslusjóðs sendi tillögu til UAR á sínum tíma um upphæð úrvinnslugjalds á einstök tollnúmer.

4. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 27.maí 2014.
Fundir slitið kl 14:20